

Nd.

518. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Áður hafa verið flutt á Alþingi frumvörp til laga um meðferð opinberra mála. Frumvörp þessi hafa ekki náð fram að ganga.

Nú hefur dómsmálaráðherra á síðustu dögum þingsins lagt fram nýtt frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Aðalbreytingin frá núgildandi lögum er, að skipaður verði saksóknari ríkisins og að ný skipan verði gerð á embætti sakadómarans í Reykjavík. Slík gerbreyting um meðferð opinberra mála er stórmál. Ber því að vanda allan undirbúning slíkrar breytingar sem bezt, leita umsagna og álits hæfustu lögfræðinga og sérfræðinga á þessu sviði.

Í langflestum tilfellum hefur það verið viðtekin regla hjá nefndum Alþingis við afgreiðslu stærri mála að leita umsagna þeirra aðila, sem að dómi nefndanna hafa sérþekkingu eða sérstöðu til viðkomandi máls. Þessari sjálfsögðu reglu hefur meiri hluti allsherjarnefndar ekki fylgt við afgreiðslu þessa frumvarps. Ber meiri hluti allsherjarnefndar því við, að ekki muni vinnast tími til að leita umsagna löglærðra manna eða samtaka þeirra um frumvarpið, svo framarlega sem það eigi að verða að lögum á þessu þingi. Slíkri afgreiðslu á stórmáli mótmæli ég eindregið.

Það er sýnilegt, að verði frumvarpið gert að lögum, hefur það í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð, en fyrir þeirri hlið málsins er engin grein gerð í upplýsingum þeim, sem frumvarpinu fylgja. Ríkisstjórnin telur, að ríkið geti ekki bætt kjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem fyrir eru, og hafa þegar hlotizt vandræði af vegna ófullnægjandi launa ýmissa starfshópa í ríkiskerfinu. Meðan mál standa svo, tel ég ekki ástæðu til að mæla með því, að upp verði sett ný embættisbákn á vegum ríkisins.

Í samræmi við það, sem að framan segir, legg ég til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. marz 1961.

Gunnar Jóhannsson.